

INNGILDINGARSTEFNA

Landskrifstofa Erasmus+ á Íslandi

Stefna og aðgerðaráætlun 2021-2027

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	4
Evrópustefna	4
Íslenskt samhengi	4
Nemendur með börn	5
Fólk af erlendum uppruna	5
NEET hópur	5
Líkamleg og andleg heilsa	5
Landfræðileg staðsetning	5
Inngildingarstefna Landskrifstofu Erasmus+	7
Starfsemi stofnunarinnar	7
Kynningarmál	7
Samskipti	7
Aðgengismál	8
Stuðningur við styrkþega	8
Aðgerðaráætlun	9
1. Kafli - Að inngilding verði hluti af allri starfsemi Landskrifstofu.	9
2. Kafli - Stuðningur við umsækjendur og styrkþega.	10
3. Kafli – Ná til áhersluhópa	11
4. Kafli - Kynningarstarf	13
5. kafli - Samfélagsleg ábyrgð	14
ANNEX I – Aðgerðaráætlun eftir áhersluhlutum	15
Skóli - eTwinning	15
Útskýring á hlutanum og þátttöku í Erasmus+	15
Staða inngildingar í hlutanum	15
Þarfagreining	15
Aðal áherslumál	16
Sérstakar aðgerðir	17
Eftirfylgni	17
VET	18
Útskýring á hlutanum og þátttöku í Erasmus+ og European Solidarity Corps	18
Staða inngildingar í hlutanum	18
Þarfagreining	18
Aðal áherslumál	18

Sérstakar aðgerðir	19
Eftirfylgni	19
Adult – Epale	20
Útskýring á hlutanum og þátttöku í Erasmus+ og European Solidarity Corps	20
Staða inngildingar í hlutanum	20
Þarfagreining	20
Aðal áherslumál	20
Sérstakar aðgerðir	21
Eftirfylgni	21
Háskóli	21
Útskýring á hlutanum og þátttöku í Erasmus+ og European Solidarity Corps	21
Staða inngildingar í hlutanum	22
Þarfagreining	23
Aðal áherslumál	23
Sérstakar aðgerðir	24
Eftirfylgni	24
Æskulýðshluti og European Solidarity Corps	24
Útskýring á hlutanum og þátttöku í Erasmus+ og European Solidarity Corps	24
Staða inngildingar í hlutanum	25
Þarfagreining	25
Aðal áherslumál	25
Sérstakar aðgerðir	26
Eftirfylgni	26
ANNEX II Gátlisti fyrir inngildandi verkefni og viðburði	27
Mikilvægi skráningareyðublaðs	27
Staðsetning og skipulag	28
Samskipti	29
Efni	29
ANNEX III – Áhrif inngildingar á þátttakendur	30
ANNEX IV	33

Inngildingarstefnan var samin upp úr vinnu inngildingarfulltrúa og inngildingarteymis landskrifstofunnar frá 2021-2023. Viðaukum var bætt við árið 2024 og í lok árs var hafið handa á að endurskoða og uppfæra stefnuna. Stefnan var uppfærð í byrjun árs 2025.

Inngangur

Inngilding (e. inclusion) felur í sér að fólki, sem annars væri útilokað eða jaðarsett, séu veitt jöfn tækifæri og úrræði til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Ólíkir þættir líkt og kyn, kynhneigð, trú, uppruni, kynþáttur, fötlun, efnahagsleg staða, líkamleg og andleg geta, geta haft margþætt áhrif á einstaklinga og komið í veg fyrir að þau upplifi jöfn tækifæri í samfélaginu. Án inngildingar fá ekki öll tækifæri á þeirri upplifun sem þátttaka í verkefnum Erasmus+ og European Solidarity Corps veitir. Þessir hópar einstaklinga eru af einhverjum ástæðum, einni eða fleiri, ólíklegri til að sækja um styrk eða eiga erfiðara um vik að taka þátt í verkefnum sem ekki eru skipulögð með þarfir þeirra í huga.

Markmið Landskrifstofu Erasmus+ á Íslandi er að opna huga fólks og auka víðsýni þess. Hlutverk stefnunnar er að hvetja starfsfólk Landskrifstofu, umsækjendur og styrkþega til að sjá mikilvægi inngildingar og fjölbreytileika í lífi og starfi. Með því að temja sér inngildandi hugarfar og taka virkan þátt í inngildingu er það ósk Landskrifstofu að inngilding verði að eðlilegum og hverdagslegum hluta í lífi og hugarfari fólks í íslensku samfélagi.

Evrópustefna

Inngilding (e. inclusion) er lykilþáttur í stefnu Erasmus+ og European Solidarity Corps sem Landskrifstofan vinnur eftir. Markmið Landskrifstofu er að stuðla að því að unnið sé eftir sömu gildum í verkefnum sem áætlunin styrkir á Íslandi og í samvinnu við íslenska aðila. Landskrifstofa Erasmus+ starfar innan Rannsóknamiðstöðvar Íslands sem er opinber stofnun. Í því hlutverki telur Landskrifstofan mikilvægt að sýna samfélagslega ábyrgð og stuðla að því að tækifærin sem Erasmus+ og European Solidarity Corps bjóða upp á séu opin og aðgengileg öllum. Í Evrópustefnunni er taldir upp níu ólíkir þættir sem ná yfir ástæður sem geta réttlætt aukinn stuðning við þátttakendur. Ýtarlegri lýsingu á þessum þáttum má finna á vef Landskrifstofunnar, en þættirnir eru fötlun, veikindi, hindranir tengdar menntakerfinu, menningarmunur, félagslegar hindranir, efnahagslegar hindranir, hindranir vegna mismununar og landfræðilegar hindranir.

Íslenskt samhengi

Skortur á sýnileika fólks úr viðkvæmum hópum í íslensku samfélagi gerir það að verkum að einstaklingar sem tilheyra hópnum átta sig oft ekki á þeim tækifærum sem þeim stendur til boða í gegnum áætlanirnar, eða gera ekki tilkall til þeirra vegna þess að þau telja tækifærin ekki eiga við um þau sjálf. Á sama tíma geta verkefnisstjórar verið ómeðvitaðir um hvaða þættir í skipulagningu verkefna geta verið útilokandi fyrir einstaklinga úr ákveðnum hópum eða stuðla ekki að fullri þátttöku þeirra.

Á Íslandi er engin alhliða stefna um inngildingu en lög um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu tóku gildi 1. september 2018. Með þessi lög að leiðarljósi, ásamt lögum um jafna stöðu kynjanna, telur Landskrifstofan mikilvægt að inngilding sé fléttuð inn í starf skrifstofunnar og verkefni á vegum áætlunarinnar á virkari hátt.

Við gerð inngildingarstefnunnar kortlagði landskrifstofan sérstaka áherslurhópa fyrir tímabilið 2021-2027. Samkvæmt kortlagningu Landskrifstofunnar árið 2021 var eftirfarandi listi tekinn saman sem

sérstakir áherslupættir er viðkemur inngildingu. Kortlagningin fól í sér yfirferð á tölfræði um þátttakendur auk reynslu starfsfólks landskrifstofunnar af samtölum við styrkþega og vitneskju um stofnanir, samtök og einstaklinga sem síður taka þátt í áætlunum.

Nemendur með börn

Á Íslandi er algengara en gengur og gerist sunnar í Evrópu að fólk stundi nám eftir að það eignast börn, eða að einstæðir foreldrar stundi nám. Mikilvægt er að þessi hópur fái sömu tækifæri og aðrir nemendur til að taka þátt í áætluninni. Vegna framfærslukostnaðar geta þessir einstaklingar upplifað að dvöl erlendis sé ekki á færi þeirra. Til þess að tryggja að þessi hópur taki þátt er mikilvægt að koma upplýsingunum á framfæri um þá styrki og þátttökumöguleika sem standa hópnum til boða en í háskólahluta er nú til að mynda hægt að fá viðbótarstyrk fyrir fólk með börn á framfæri.

Fólk af erlendum uppruna

Fjöldi fólks af erlendum uppruna hefur aldrei verið meiri á Íslandi en í dag eru u.þ.b. 22% þeirra sem hér búa innflytjendur, önnur kynslóð innflytjenda og fólk með eitt erlent foreldri². Rannsóknir benda til að fólk af erlendum uppruna hafi ekki sömu tækifæri á vinnumarkaði á Íslandi, jafnvel þegar menntunarstig þeirra er hátt, og að upplýsingamiðlun til hópsins sé almennt ábótavant. Ungt fólk með innflytjendabakgrunn er einnig síður líklegt til að taka þátt í æskulýðs- og íþróttastarfi. Til þess að tryggja inngildingu þeirra í verkefnum áætlunarinnar er mikilvægt að styrktækifærum sé komið á framfæri við þau, upplýsingar séu aðgengilegar á fleiri tungumálum en á íslensku og að kynningarefni endurspegli fjölbreyttan markhóp. Auk þess er mikilvægt að verkefnisstjórar séu meðvitaðir um fjölbreytileika þátttakenda og að þörfum fólks með ólíkan bakgrunn sé mætt í verkefnum til að tryggja virka þátttöku þeirra.

NEET hópur

Nýlegar rannsóknir á Íslandi sýna fram á erfiða stöðu fólks sem fellur undir NEET hópinn (e. *not in education, employment or training*). Í þessum hópi er nokkuð hátt hlutfall ungra einstæðra foreldra, ungra karla og ungs fólks með erlendan bakgrunn, þá sérstaklega ungra kvenna með innflytjendabakgrunn. Það er mat Landskrifstofunnar að erfitt hafi reynst að ná til þessa hóps hingað til en að þátttaka hans í verkefnum áætlunarinnar gæti stuðlað að aukinni virkni hans í samfélaginu. Markmið Landskrifstofu er að gæta þess sérstaklega að upplýsingar nái til þessa hóps.

Líkamleg og andleg heilsa

Inngildingarstefnur hafa lengi miðað að því að auka tækifæri fatlaðs fólks og þótt áhersla hafi nú þegar verið lögð á að virkja samtök fatlaðra í Erasmus+ áætluninni má gera mun betur. Í ljósi þeirrar vitundarvakningar sem hefur átt sér stað um andlega heilsu telur Landskrifstofa nauðsynlegt að vekja sérstaka athygli á þeim stuðningi sem áætlunin býður upp á vegna andlegra veikinda. Nýlegar rannsóknir á Íslandi sýna fram á erfiða stöðu fólks með fatlanir, en úr þeim hópi eiga tæplega átta af hverjum tíu erfitt eða frekar erfitt með að ná endum saman. Sömuleiðis standa einstæðir foreldrar með fötlun og einhleypt fatlað fólk höllum fæti fjárhagslega. Mörg þeirra finna fyrir félagslegri einangrun og meirihluti finnur fyrir fordómum.⁵ Markmið Landskrifstofu er að auka upplýsingagjöf til þessa fólks og styðja betur við þau sem hafa áhuga á að taka þátt í áætluninni.

Landfræðileg staðsetning

Vegna landfræðilegrar legu eiga Íslendingar almennt erfiðara um vik að ferðast milli landa en þátttakendur frá öðrum löndum Evrópu. Í mörgum tilvikum eru engin bein flug í boði og því verður oft

að millilenda eða taka lest seinni hluta leiðarinnar. Þetta gerir það að verkum að ferðatími til og frá Íslandi er oft langur.

Auk þessa eru vegalengdir innanlands og fjarlægðir milli þéttbýliskjarna yfirleitt miklar, almenningssamgöngur af skorum skammti og margir vegir varasamir um vetur. Þótt stundum sé boðið upp á millilandaflug frá Akureyri og Egilsstöðum fer flest alþjóðleg flugumferð um Keflavíkurflugvöll. Þar sem innanlandsflug fer um flugvöllinn í Reykjavík, og er kostnaðarsamt, upplifa margir þátttakendur frá landsbyggðinni tímafrek og dýr ferðalög sem hindrun til þátttöku.

Þetta getur einnig gert það að verkum að þau sæki síður um styrki þar sem þau telja þá ekki eiga við um sig, eða telja möguleika sína á að komast í verkefni takmarkaðri en íbúa höfuðborgarsvæðisins. Markmið Landskrifstofu er að koma á framfæri auknum ferðastyrkjum og huga sérstaklega að landsbyggðinni í kynningarmálum.

Inngildingarstefna Landskrifstofu Erasmus+

Inngilding skal ávallt vera rauður þráður sem Landskrifstofa Erasmus+ vinnur eftir. Stefna Landskrifstofu er sú að eftir fimm ár muni sjást mælanleg aukning á inngildingu með fjölbreyttari hópi þátttakenda og í fjölda inngildingarverkefna. Landskrifstofa stefnir að því að auka vitund styrkþega um mikilvægi inngildingar og fjölbreytileika í þeirra starfi og benda á styrkjamöguleika til að auðvelda þátttöku í Erasmus+ og European Solidarity Corps.

Aðgerðaráætlun skal uppfærð af inngildingarteyminu árlega. Stefnan skal endurskoðuð á tveggja ára fresti og uppfærð eftir þörfum. Inngildingarteymi samanstendur af inngildingarfulltrúa og inngildingarteymi. Æskilegt er að inngildingarteymi sé skipað starfsfólki úr ólíkum hlutum landskrifstofunnar.

Starfsemi stofnunarinnar

Markmið inngildingarstefnu Landskrifstofu Erasmus+ er að hafa góð áhrif á almennt starf stofnunarinnar (Rannís), enda eigi starfsmannastefna og jafnréttisstefna Rannís að taka mið af inngildingu. Hvetja skal til reglulegrar og skilvirkar fræðslu á sviði inngildingar, með viðeigandi fræðsluáðilum. Slík fræðsla skal ná til alls starfsfólks stofnunarinnar.

Kynningarmál

Kynningarefni og textar séu inngildandi, til dæmis að auglýsa tækifæri „fyrir öll“ en ekki „alla“. Allt efni uppfylli skilyrði um aðgengi á vefsíðum stofnunarinnar og miði við tæknilausnir hvers tíma. Efni sé uppfært eftir því sem við á og taki mið af breytingum á stafrænu umhverfi vefsíða Rannís og Landskrifstofu. Valið efni sé sett á vefinn á auðskildu máli.

Margt fólk veit ekki af tækifærum sem felast í Erasmus+ og ESC. Landskrifstofa ætti að vera meðvituð um það í hvívetna. Landskrifstofa skal kynna tækifærin fyrir verkefnisstjórum annars vegar og þátttakendum hins vegar. Ekki má telja það víst að fólk sem mætir hindrunum í samfélaginu taki þátt í almennum kynningum um Erasmus+ og því þarf Landskrifstofa að leitast við að ná til þess með öðrum leiðum eins og við á. Á hverju ári tímabilsins verður lögð áhersla á að ná til einhvers af áhersluhópum landskrifstofunnar, með því að lyfta sérstaklega verkefnum sem snerta þann hóp og með virku samtali við samtök sem starfa með þeim hóp. Huga ber einnig að kynningum fyrir samfélagið í víðara samhengi. Vekja skal athygli samfélagsins á ávinningnum sem felst í inngildingarverkefnum og ýta þannig undir að fleiri slík verkefni verði sett á fót.

Samskipti

Í samskiptum skal starfsfólk hafa í huga hvernig það ávarpar viðmælendur, með tilliti til kyns og tungumála. Starfsfólk svari á því tungumáli sem viðmælandi notar nema um annað sé beðið. Ekki skal gera ráð fyrir kyni fólks eða tungumálakunnáttu út frá nöfnum þess. Starfsfólk er hvatt til þess að skrá persónufornöfn er það kýs að nota sjálft í undirskrift tölvupósts.

Dæmi:

Jóna Jónsdóttir (hún/she)

Sérfræðingur | Senior Adviser

Á þennan hátt vita þau sem fá tölvupóst frá Jónu að hún vill vera ávörpuð í kvenkyni. Jafnvel þótt Jóna sé ekki kynsegin sjálf, sýnir þetta að hún gerir ekki ráð fyrir kyni fólks eingöngu út frá nöfnum þess og viðurkennir í leiðinni rétt fólks til sjálfsskilgreiningar. Sjá Viðauka IV fyrir nánari upplýsingar.

Aðgengismál

Hvetja skal til samtals um aðgengismál á skrifstofum stofnunarinnar með reglubundnum hætti, t.d. hvað varðar aðgengi milli hæða, að eldhúsi og salernum. Einnig skal huga að hlutlausri merkingu á salernisaðstöðu. Tryggja skal aðgengi á viðburðum Landskrifstofunnar og notast við gátlista í **Viðauka II**.

Stuðningur við styrkþega

Landskrifstofa skal styðja verkefnisstjóra við að koma upplýsingum áfram til markhópa. Landskrifstofa heldur námskeið og vinnustofur til að auka þekkingu og skilning verkefnisstjóra á inngildingu. Verkefnisstjórum sé gert það ljóst að til þess að verkefni séu talin inngildandi þurfi að sýna fram á inngildingu og virkni þátttakenda í verkefni, sem og í hönnun og framkvæmd verkefnisins (Sjá nánar í **Viðauka III**). Verkefnisstjórar skulu minntir á að inngilding skuli höfð að leiðarljósi í öllum verkefnum.

Landskrifstofa skuli stuðla að aukinni fræðslu fyrir matsfólk umsókna, til að auka skilning á hvað felst raunverulega í inngildingarverkefnum. Verkefnisstjórar ættu að fá hvatningu og leiðbeiningar til að tryggja aðgengi í verkefnum og viðburðum sem styrkt eru af áætluninni.

Aðgerðaráætlun

1. Kafli - Að inngilding verði hluti af allri starfsemi Landskrifstofu.

Markmið: Starfsfólk Landskrifstofu sé leiðandi í inngildandi hugarfari, taki þátt í námskeiðum og eigi virkt samtal sín á milli um inngildingu.

Aðgengi Landskrifstofunnar verði tryggt.

Aðgerð	Mælikvarði	Ábyrgðaraðili
1. Landskrifstofa nýtir sér kunnáttu og sérþekkingu sérfræðinga til þess skipuleggja námskeið eða fræðslu fyrir starfsfólk.	2 sinnum á ári	Inngildingarfulltrúi, forstöðukona Landskrifstofu og mannauðsstjóri Rannís
2. Starfsfólk er hvatt til að nýta tækifæri til endurmenntunar um inngildingu, t.d. með lestri fræðigreina eða þátttöku í námskeiðum á vinnutíma í samráði við nánasta yfirmann.	Að starfsfólk eflist í þekkingu um inngildingu	Sviðsstjóri, mannauðsstjóri Rannís
3. Inngildingarteymi hittist og tekur stöðuna á inngildingu á Landskrifstofunni, ræðir áskoranir styrkþega í verkefnum og umsóknum og möguleg kynningarmál.	Vikulega á sófaspjalli	Inngildingarfulltrúi, inngildingarteymi
4. Inngilding er aðalefni á töflufundi alls starfsfólks Landskrifstofu	Tvisvar sinnum á ári	Inngildingarfulltrúi, forstöðukona
5. Landskrifstofa fær ráðgjöf um aðgengi á skrifstofu frá utanaðkomandi aðilum sem starfa í málaflokknum	Var gert 2021 Aftur í byrjun 2026	Inngildingarfulltrúi, forstöðukona
6. Landskrifstofa fær að setja spurningar í þjónustukönnun Rannís a. aðgengi að starfsfólki b. aðgengi að áætlununum/ c. aðgengi að viðburðum	Könnun hluti af þjónustukönnun Rannís. Niðurstöður teknar saman og greindar, birtar á vef	Mannauðsstjóri, inngildingarfulltrúi
7. Gátlisti um aðgengi á viðburður þýddur og staðfærður	Tilbúinn haust 2023	Inngildingarfulltrúi
8. Gátlisti um aðgengi kynntur á töflufundi ásamt gátlista um græn skref	Árlega í byrjun árs og eftir sumarfrí	Inngildingarfulltrúi

2. Kafli - Stuðningur við umsækjendur og styrkþega.

Markmið: Styrkþegar verði meðvitaðir um inngildingartækifæri í áætluninni og auki vægi inngildingar í verkefnum sínum. Landskrifstofa veiti fræðslu og námskeið til styrkþega/umsækjenda.

Aðgerð	Mælikvarði	Ábyrgðaraðili
1. Starfsfólk Landskrifstofu nýti talpunkta (sjá Kafla 3, aðgerð 4) til að ræða við styrkþega/umsækjendur um inngildingu, mikilvægi hennar í áætluninni og hvernig er hægt að framkvæma í ólíkum verkefnum.	Aukin þekking starfsfólks á inngildingu og færni til að miðla henni	Starfsfólk Landskrifstofu
2. Könnun (sjálfsmat) starfsfólks á færni sinni í að tala um inngildingu í verkefnum til að meta þörf á fræðslu	Stutt könnun send út eftir sumarfrí árlega	Inngildingarfulltrúi
3. Inngilding er fastur liður í dagskrá allra upphafsfunða (kick-off)	Byrjar árið 2022	Starfsfólk Landskrifstofu
4. Gerð á stuttu myndbandi um inngildingu í verkefnum fyrir styrkþega til að sýna fyrir kick-off fundi / eða á þeim (hugvekja sem styður við kynningar Landskrifstofunnar)	Handrit tilbúið 2025	Inngildingarfulltrúi í samstarfi við kynningarteymi
5. Starfsfólkið skrái inngildingarverkefni eða dæmi um inngildingu sem koma upp í samtölum við styrkþega og við yfirferð lokaskýrsla á þar til gert form á Teams	Við mat á lokaskýrslum og eftir samtöl	Starfsfólk Landskrifstofu
a. Kynningarteymi nýtir upplýsingar í forminu í kynningarstarf	Reglulega	Kynningarteymi
6. Landskrifstofa býður upp á fræðslu/námskeið sem sérstaklega fjallar um inngildingu og að kveikja inngildandi hugarfar. Vinnustofa er annað hvort á formi kynningar fyrir nýliða um inngilding í áætluninni eða sem vinnustofa fyrir verkefni sem nú þegar eru í gangi	1-2 sinnum á ári	Inngildingarfulltrúi, inngildingarteymi

7. Útbúa myndbönd um inngildingu til að fræða verkefnastjóra (ítarlegra, hvað er inngilding og hvað ekki, í Erasmus+)	Handrit tilbúið árið 2025	Inngildingarfulltrúi, kynningarteymi
8. Landskrifstofa bendir á inngildingarviðburði (t.d. námskeið eða tengslaráðstefnur) eftir því sem við á.	Upplýst samhliða fræðslu á vegum Landskrifstofu eða eftir því sem við á.	Starfsfólk Landskrifstofu
9. Landskrifstofa sér til þess að matsfólk fái upprifjun um inngildingu í Erasmus+ í hverri þjálfun.	Fastur hluti af þjálfun fyrir matsfólk hverju sinni.	Verkefnastjórar í ólíkum sektorum
10. Starfsfólk Landskrifstofu sem sér um þjálfunina hverju sinni fær stuðning frá inngildingarfulltrúa	Fundur 1x fyrir hverja þjálfun	Inngildingarfulltrúi og starfsfólk eftir því sem við á
11. Landskrifstofa gerir myndband um birtingarmyndir inngildingar í umsóknum fyrir matsfólk	Handrit tilbúið 2024 Myndband tilbúið fyrir lok mars 2025	Inngildingarfulltrúi

3. Kafli – Ná til áhersluhópa

Markmið: Ná til þeirra sem síður sækja í Erasmus+. Þetta gildir um alla áhersluhópa sem standa höllum fæti, þ.e. vegna fötlunar, veikinda, hindrana í menntakerfinu, menningarmunar, félagslegra hindrana, efnahagslegra hindrana, hindrana vegna mismununar og landfræðilegra hindrana samkvæmt skilgreiningum Erasmus+.

Aðgerð	Mælikvarði	Ábyrgðaraðili
1. Inngilding sé fastur hluti af öllu kynningarstarfi um áætlunina og fjallað um mikilvægi hennar.	Fjallað um inngildingu í öllum kynningum	Sá sem fer með kynningu hverju sinni, inngildingarfulltrúi
2. Myndband fyrir kynningar – þegar ekki er hægt að fara á dýptina í umfjöllun um inngildingu	Stutt myndband framleitt fyrir lok árs 2026	Inngildingarfulltrúi í samstarfi við kynningarteymi
3. Leggja áherslu á inngildingu í kynningarferðum út á land	Hver landshluti heimsóttur minnst tvisvar á hverju 7 ára tímabili áætlunar	Kynningarteymi, inngildingarfulltrúi

4. Inngildingarteymi útbýr glærur og talpunkta svo annað starfsfólk geti talað um inngildingu í sínum kynningum.	1 glæra og 1 bls af talpunktum tilbúin 2022	Inngildingarfulltrúi
5. Minna á talpunkta og glærur	Á töflufundi um inngildingu einu sinni á önn	Inngildingarfulltrúi
6. Áframhaldandi samstarf við alþjóðafulltrúa og aðra viðeigandi aðila innan stofnana um aðkomu þeirra hópa sem síður taka þátt, t.d. með því að stuðla að þróun viðmiða um inngildingarstyrki	Eftir því sem við á	Starfsfólk Landskrifstofu
7. Á hverju ári verður athyglin sett á einn af þessum áhersluhópum með það fyrir augum að fá fleiri umsóknir úr þeim hópi inn í áætlanir Erasmus+ og European Solidarity Corps. 2022: Landsbyggðin 2023: Fólk með börn / Ungir foreldrar 2024: Fólk af erlendum uppruna, tungumála- og menningarmunur 2025: NEET 2026: Andleg og líkamleg veikindi 2027: Áhersla á árangur og stöðu meðal allra hópa á áætlunartímabilinu / Efnahagslegar hindranir? Flóttafólk?	Aukning verkefna með fjölbreyttari áhersluhópa	Landskrifstofan öll
9. Staða þess hóps sem er í brennidepli áætlunar á einstöku ári er skoðuð í byrjun þess árs. Athuga þarfir þeirra, hvar þau eru og hvernig er best að ná til þeirra. Haft samband við samtök eða stofnanir sem vinna með hópnum.	3-4 samtök eða stofnanir og minna á Erasmus+ tækifæri fyrir þann hóp	Verkefnastjórar

4. Kafli - Kynningarstarf

Kynningar taki mið af inngildingu og náí til fleiri áhersluhópa.

Aðgerð	Mælikvarði	
1. Landskrifstofa fái aðgang eða útbúi myndefni sem endurspeglar fjölbreyttan hóp þátttakenda a. óska eftir myndefni frá styrkþegum b. óska eftir leyfi til myndatöku í verkefni	Árlega að vori	Kynningarteymi
2. Kynningarteymi flokkar myndefni og upplýsir Landskrifstofu um hvað má nota	Eftir því sem við á	Kynningarteymi
3. Landskrifstofa útbúi efni með sérstakri umfjöllun um inngildingu eins og t.d. auglýsingar, fréttir, myndbönd, áminningu um mikilvægi inngildingar.	Amk 1 sinni í hverju fréttabréfi	Kynningarteymi
4. Hafa samband við samtök eða hagsmunaaðila áhersluhóps ársins með það fyrir augum að útbúa kynningarefni eða nálgast áhersluhópinn	1-2 aðilar fyrir hvern áhersluhóp	Kynningarteymi, inngildingarfulltrúi
5. Auglýsingar til að vekja athygli á tækifærum í Erasmus+ til að ná til áhersluhópa, samtaka sem vinna með þeim og hagaðila	2 sinnum á ári , í byrjun árs og eftir sumarfrí	Kynningarteymi
6. Texti auglýsinga og vefsíða sé kynhlutlaus	Allt efni sem búið er til hverju sinni	Kynningarteymi
7. Auglýsingaefni sé samhliða útbúið á íslensku og ensku	Auglýsingar, bæklingar, myndskaið og annað sem við á	Kynningarteymi
8. Úttekt á kynningarefni. Taka fyrir stikkprufu af efni og skoða á gagnrýninn en uppbyggilegan hátt til að hægt sé að gera betur	Í lok árs	Kynningarteymi, inngildingarfulltrúi
9. Í allri umfjöllun um verkefni, hvort sem það er í formi myndbands, fréttar, viðtals við verkefnastjóra skal reynt að draga fram inngildingu í verkefninu		Kynningarteymi

10. Myndbönd hafi texta á íslensku og ensku, eða táknmálstúlkun þegar við á (t.d. þegar hún hefur verið tekin upp samhliða beinu streymi)	Öll myndbönd	Kynningarteymi
11. Landskrifstofa skipuleggur viðburð helgaðan inngildingu til að vekja athygli á mikilvægi inngildingar í Erasmus+	Í lok tímabils (2027)	Kynningarteymi, Inngildingarfulltrúi

5. kafli - Samfélagsleg ábyrgð

Aðgerð	Mælikvarði	Ábyrgðaraðili
1. Setja inngildingarstefnuna á vef Landskrifstofu	Tilbúið í upphafi árs 2023	Inngildingarfulltrúi
2. Veita öðrum stofnunum stuðning við gerð inngildingarstefnu ef þess er óskað	Eftir því sem við á	Inngildingarfulltrúi
3. Samantekt á ávinningi Erasmus+ og ESC fyrir samfélagið, til þess að senda út sem frétt og hafa á heimasíðu Erasmus+	Í upphafi árs 2024 https://www.erasmusplus.is/frettir-og-vidburdir/frettir/thattaka-islands-i-erasmus-og-european-solidarity-corps-ahrifarik-fyrir-islenskt-samfelag-2	Kynningarteymi
4. Styðja við réttindabaráttu jaðarsettra hópa, t.d. með þátttöku í viðburðum og á ráðstefnum helguðum málefnum þeirra og með því að vekja athygli á Erasmus+ og ESC verkefnum sem hafa haft inngildingu þeirra að markmiði	Eftir því sem við á	Landskrifstofa, kynningarteymi, inngildingarfulltrúi
5. Taka þátt í Reykjavík Pride, vekja athygli á Erasmus+ styrkjum fyrir hinsegin samfélagið eða flytja fréttir af verkefnum sem stuðla að inngildingu fyrir LGBTQIA+ fólk	2-3 sinnum á tímabilinu 2021-2027	Landskrifstofa, kynningarteymi, inngildingarfulltrúi
6. Fordæma eða taka afstöðu gegn atburðum sem ganga gegn gildum Erasmus+ (t.d. á Facebook)	Eftir því sem við á	Forstöðukona, inngildingarfulltrúi, kynningarteymi

ANNEX I – Aðgerðaráætlun eftir áhersluhlutum

Skóli - eTwinning

Útskýring á hlutanum og þátttöku í Erasmus+

Skólahluti Erasmus+ er stærsti hluti áætlunarinnar með tilliti til fjölda einstakra verkefnisstjóra. Í þessum hluta geta leik-, grunn- og framhaldsskólar tekið þátt. Fjöldi leikskóla á landinu eru nærri 250, grunnskólar eru í kringum 180 talsins og framhaldsskólar nærri 40. Þeir þjónusta fjölbreyttan hóp nemenda og starfsfólks. Frá árinu 2023 hafa 32 skólar og sveitarfélög fengið aðild (accreditation) en fjöldinn mun líklegast aukast.

Í skólahlutanum er góð ásókn í samstarfsverkefni. Þrátt fyrir að leik-, grunn- og framhaldsskólar séu aðal markhópur skólahlutans, ásamt sveitarfélögum sem sækja um fyrir hönd skólanna, hafa háskólarnir einnig sótt í þennan hluta fyrir samstarfsverkefni. Hafa þeir í huga að verkefnisstjórar þurfa ekki endilega að starfa í hlutanum ef verkefnið tengist skólahluta (stundum ósanngjörn samkeppni).

Í skólahlutanum eru einnig nemenda- og kennaraferðir (KA1). Nemendaferðir dattu aðeins niður þegar þær voru færðar um styrkjaflokk (úr KA229 í KA1) en kennaraferðir eru nokkuð algengar. Í kennaraferðum er meiri áhersla á samstarf og þróun en ferðum í samstarfsverkefnum hefur fækkað eftir Covid-19 faraldurinn.

Óvenju hátt hlutfall nýrra verkefnastjóra eftir Covid-19 en þessi mikla nýliðun kallar á aukna þörf fyrir kynningarstarf.

Staða inngildingar í hlutanum

Með ítarlegri skilgreiningu á inngildingarþörf í Erasmus+ jókst vægi inngildingar í verkefnum í skólahluta en þó er misjafnt hversu mikið stofnanir hafa tekið inngildingu í Erasmus+ föstum tókum. Reynt hefur verið að hvetja verkefnisstjóra til að hlúa að inngildingu í framkvæmd verkefna en ekki einungis sem þema verkefnis, þ.e. til þjálfunar starfsfólks. Algengara mætti vera að skólar nýti Erasmus+ til að efla nemendur sem þurfa inngildingu en í því ljósi gæti verið þörf á aukinni fræðslu um inngildingarstyrki í áætluninni og hvernig hægt sé að fá nemendur sem þurfa aukinn stuðning til að taka þátt í verkefnum.

Á Íslandi er hátt hlutfall skóla af landsbyggðinni sem tekur þátt í áætluninni, á bilinu 30-40%. Verkefni sem vinna með inngildingu á öðrum sviðum en „inngildingu landsbyggðar (e. rural inclusion)“ eru þó ekki eins mörg. Vestfirðir sá landshluta sem helst fer varhluta af þátttöku í Erasmus+.

Þeir skólar sem almennt starfa með inngildingu gera það vel og hafa þeir verið að efla nemendaferðir. Þar hafa nemendur fengið aukna hvatningu til að taka þátt en hlúa mætti meira að inngildingu í náms- og þjálfunarferðum starfsfólks almennt, en starfsmannahópurinn sem tekur þátt í Erasmus+ verkefnum er ekki mjög fjölbreyttur.

Þarfagreining

Þeir skólar sem vinna mest með inngildingu eru þeir skólar sem hafa fengið góðan stuðning og hvatningu frá landskrifstofu. Þörfin virðist vera að bjóða fleiri skólum meiri aðstoð, fara í heimsóknir (bæði á landsbyggð og í höfuðborginni) og jafnvel koma á mentorsamböndum milli skóla.

Einnig er þörf fyrir meiri handleiðslu fyrir nýja verkefnastjóra sem oft taka við Erasmus+ án leiðbeininga frá forvera.

Aukin fræðsla fyrir verkefnastjóra almennt um inngildingu og hvernig inngilding og inngildingarstyrkir virka í Erasmus+ verkefnum.

Aðal áherslumál

Með þarfir þessa hluta Erasmus+ í huga og markmið inngildingarstefnunnar að leiðarljósi hafa eftirfarandi atriði verið nánar skilgreind með skólahlutann í huga:

2.1 Styrkþegar verði meðvitaðir um inngildingartækifæri í áætluninni og auki vægi inngildingar í verkefnum sínum.	Alþjóðafulltrúar/verkefnastjórar hjá skólum og sveitarfélögum þurfa aukna fræðslu um inngildingu og hvatningu til að miðla upplýsingum til sinna skjólstæðinga (kennara og nemenda). Kennarar og nemendur þurfa betri kynningu á inngildingartækifærum og hvatningu til að leita til sinna alþjóðafulltrúa eða verkefnastjóra að upplýsingum um inngildingartækifæri innan skóla og sveitarfélaga.
2.2 Fræðsla og námskeið fyrir styrkþega/umsækjendur	
3.1 Að ná til viðkvæmra hópa	
- Nemendur með börn	Í flestum tilfellum eru þeir nemendur sem eiga börn í þessum hluta nemendur framhaldsskóla sem taka þátt í áætluninni í gegnum starfsmenntahlutann (VET). Nánar um það í viðeigandi kafla.
- Fólk af erlendum uppruna	Verkefnastjórum er bent á að miðla þurfi upplýsingum um Erasmus+ verkefni til barna af erlendum uppruna (og foreldra) svo þau geti tekið þátt. Þeim er einnig bent á að sækja um inngildingarstyrk til að auðvelda þeim þátttöku (t.d. með túlkum o.s.frv.). Hvetja til þess að starfsfólk af erlendum uppruna viti af verkefnum Erasmus+ og mögulegri þátttöku í þeim.
- NEET	Á fyrst og fremst við í framhaldsskólum. Vekja þyrfti athygli skóla á að nýta Erasmus+ til að virkja þennan hóp t.d. með nemendaferðum en einnig hafa komið fram samstarfsverkefni sem hafa haft það að markmiði að koma í veg fyrir brottfall.
- Heilsufar	Vakin hefur verið athygli bæði verkefnastjóra og nemenda á aukin tækifæri til að fá styrki vegna heilsufars. Áhugi fyrir því að efla áherslu á að styrkir séu veittir vegna andlegrar heilsu (t.d. kvíða og þunglyndi). Nýtist aðallega í nemendaferðum. Vert væri að athuga hvort heilsufar hafi áhrif á kennarahópa eða verkefnisstjóra og hvort þau viti af því að Erasmus+ geti komið til móts í náms- og þjálfunarferðum varðandi það.
- Landfræðileg	Áherslan á landsbyggðarinngildingu hefur fjölgað þátttakendum í áætluninni á

	landsbyggðinni. Þau sækja um því þau fá stuðninginn frá okkur. Erum með herra hlutfall landsbyggðarskóla en nágrannalönd. Þurfum að herja á þá hluta landsins sem síður sækja um. Þarf að efla skóla á landsbyggðinni að huga að inngildingu út frá öðru en bara landfræðilegri legu.
--	--

Sérstakar aðgerðir

Styrkþegar verði meðvitaðir um inngildingartækifæri í áætluninni og auki vægi inngildingar í verkefnum sínum.	
Kortleggja og hafa samband við stofnanir í þeim landshlutum sem síður sækja um. Fylgja heimsóknum eftir	Vor 2024
Hvetja til þess að starfsfólk af erlendum uppruna viti af verkefnum Erasmus+ og mögulegri þátttöku í þeim.	Haust 2023
Skilgreina nýliðun meðal verkefnastjóra og alþjóðafulltrúa	Jan 2024
Fræðsla og námskeið fyrir styrkþega/umsækjendur	
Efla landsbyggðarskóla í að skoða inngildingu út frá öðru en bara landfræðilegri legu.	Vor 2024
Námskeið í Erasmus+ fyrir nýliða (verkefnastjóra)	Haust 2024
Að ná til viðkvæmra hópa	
Vekja athygli skóla á að inngildingarstyrkur geti einnig stutt við starfsfólk vegna andlegrar heilsu (t.d. í náms- og þjálfunarferðum).	Jan 2025
Vekja athygli skóla á að nýta Erasmus+ til að virkja NEET hóp t.d. með nemendaferðum	Vor 2025

Eftirfylgni

Landskrifstofa mun fylgja eftir með samtali við verkefnastjóra í skólum, skoða tölfræði þar sem hægt er og halda áfram að veita ráðgjöf til verkefnastjóra og þátttakenda.

VET

Útskýring á hlutanum og þátttöku í Erasmus+ og European Solidarity Corps

Í VET hluta áætlunarinnar eru helstu þátttakendur íslenskir starfsmenntaskólar, stofnanir og fyrirtæki sem starfa á sviði starfsmenntunar. Þau sem njóta góðs af Erasmus+ í þessum hluta eru bæði nemendur og starfsfólk eða kennarar í skólum, stofnunum eða félagasamtökum. Verkefni geta verið annars vegar námskeið og þjálfun fyrir starfsfólk, kennara og nemendur (þ.m.t. starfsnám erlendis) og hins vegar samstarfsverkefni milli landa.

Stofnanir í VET hluta hafa ekki sótt um í European Solidarity Corps þótt flötur væri fyrir því að taka á móti sjálfbóðaliðum eða hvetja ungt fólk til að fara í sjálfbóðastörf.

Staða inngildingar í hlutanum

Á þessari stundu er ekki mikið sótt um að senda nemendur á starfsbrautir (inngildandi brautir) erlendis í starfsnám, þrátt fyrir að áætlunin geri ráð fyrir að slíkt sé hægt.

Vekja mætti athygli verkefnastjóra á því hversu vítt hugtakið inngilding er. Landskrifstofa hefur verið markvist að hamra á því við þau sem meta umsóknir að hafa inngildingu í huga og fjallað hefur verið um inngildingu í áætluninni á upphafsfundum.

Þarfagreining

Þörf er á að ná betur til alþjóðafulltrúa þar sem vantar að þau kynni þessi tækifæri fyrir fjölbreyttari hóp nemenda. Styðja þarf betur við alþjóðafulltrúana. Styrkþegar virðast ekki meðvitað um möguleikana til að fá þóknun fyrir fylgdarmenn sem bitnar á nemendum sem hefðu eflaust gott af því að komast erlendis í starfsnám (styttri eða lengri dvalir). Kanna þyrfti hvort starfsfólk í starfsmenntaskólum nýti sér möguleika Erasmus+ nægilega til að fara í ferðir eða samstarfsverkefni. Hafa þyrfti sérstaka kynningu á því fjármagni sem hægt er að sækja um ásamt því að auglýsa oftari meginmarkmið áætlunarinnar.

Aðal áherslumál

2.1 Styrkþegar verði meðvitaðir um inngildingartækifæri í áætluninni og auki vægi inngildingar í verkefnum sínum.	Miðla oftari myndböndum á samfélagsmiðlum Regluleg persónubundin samtöl um inngildingu við stofnanir – viðhalda tengslum við verkefnastjóra
2.2 Fræðsla og námskeið fyrir styrkþega/umsækjendur	Mögulegt námskeið eða leiðbeiningar um tæknilegar útfærslur í umsóknarferlum
3.1 Að ná til viðkvæmra hópa	
- Nemendur með börn	Athuga hvort hægt sé að vera með aukastyrki í starfsþjálfun ef fólk er með börn
- Fólk af erlendum uppruna	Hvetja skóla til að vekja athygli á Erasmus+ á fleiri tungumálum
- NEET	Hvetja stofnanir í hlutanum til að leggja meiri áherslu á verkefni sem styðja við þennan hóp. Auglýsa starfsnám með Erasmus+ ferðum til að virkja hópinn
- Heilsufar	Beina athygli að starfsbrautum í skólum og virkja þær í Erasmus+ starfi en nemendur á þeim brautum þurfa oft sveigjanleika vegna heilsufars (andlegrar eða líkamlegrar heilsu).
- Landfræðileg	Eiga virkara samtál við VET skóla á landsbyggðinni

Sérstakar aðgerðir

Styrkþegar verði meðvitaðir um inngildingartækifæri í áætluninni og auki vægi inngildingar í verkefnum sínum.	
Útbúa sérhæft kynningarefni tengt inngildingu í VET	Ath. Þetta á við um alla sektora
Kanna sérþarfir stofnana VET, hvaða hindranir mæta nemendum	Lok 2024
Kynna betur tækifæri í Erasmus+ til VET nemenda, t.d. með sérstökum auglýsingum	Lok 2024
Fræðsla og námskeið fyrir styrkþega/umsækjendur	
Tæknileg ráðgjöf sérstaklega fyrir markhópin um umsóknir og framkvæmd verkefna	Við árlega upphafsfundir verkefna
Útbúa leiðbeiningar/punkta til að auðvelda umsóknir	Ath. Þetta á við um alla sektora
Að ná til viðkvæmra hópa	
Auglýsa starfsnám með Erasmus+ á fleiri tungumálum	Lok 2024
	Reglulega

Eftirfylgni

Landskrifstofa mun fylgja eftir með samtali við verkefnastjóra í skólum, skoða tölfræði þar sem hægt er og halda áfram að veita ráðgjöf til verkefnastjóra og þátttakenda.

Adult – Epale

Útskýring á hlutanum og þátttöku í Erasmus+ og European Solidarity Corps
Þeir aðilar sem starfa í fullorðinsfræðslu á Íslandi eru hópur fjölbreyttra stofnana.

- Undir þennan flokk falla fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar og aðrir fræðsluaðilar, náms- og starfsráðgjöf í fullorðins- og framhaldsfræðslu, fræðsluaðilar sem hlotið hafa formlega viðurkenningu ráðuneytisins og annast raunfærnimat, náms- og starfsráðgjöf og námskeiðahald í framhaldsfræðslu, menningarmiðstöðvar, bókasöfn, söfn, leikhús, tónlistar- og listasamtök, foreldrafélög, félagasamtök, mannúðarsamtök, fagfélög, fangelsi og aðrar betrunarstofnanir sem og veitendur félagsþjónustu svo framarlega sem þau veita einhverja fullorðinsfræðslu fyrir sinn markhóp á aldrinum 18 ára og eldri.

Þátttaka stofnana í þessum hluta áætlunarinnar mætti vera fjölbreyttari en hingað til hafa þær stofnanir í fullorðinsfræðslu, sem hafa tekið þátt, verið með í Erasmus+ en ekki European Solidarity Corps. Mögulegt væri að stofnanir í fullorðinsfræðslu gerðust móttökuaðilar fyrir sjálfbóðaliða á vegum áætlunarinnar til að styrkja störf sín.

Styrkþegar geta verið af ýmsum toga því þau sem njóta góðs af Erasmus+ í þessum hluta eru bæði nemendur og starfsfólk eða kennarar en helst er um að ræða námskeið fyrir starfsfólk, starfsspeglun, starfsþróun fyrir kennara sem og starfsnám fyrir nemendur.

Staða inngildingar í hlutanum

Lengi vel var það skilyrði að hópar sem fengju styrk til ferða í fullorðinsfræðslu væru með einhvers konar inngildingarþörf (þ.e.a.s. að verkefnið væru inngildandi) en aðrir styrkjaflokkar innan fullorðinsfræðslu gætu verið betur nýttir þegar kemur að inngildingu. Vandamálið hefur helst verið skortur á þekkingu á áætluninni hjá þeim stofnunum sem gætu sótt um styrk og gætu nýtt styrkinn til að efla inngildingu í starfsemi sinni.

Hafa ber einnig í huga að kerfislegar (og félagslegar) hindranir hafa áhrif á fullorðinsfræðslu og símenntunarmiðstöðvar sem nýta síður þessi tækifæri, t.d. vegna mikils álags á starfsfólki sem kemur í veg fyrir að þau sækji um styrk. Tími, skortur á mannafla, og fjárskortur kemur í veg fyrir að umsóknir séu gerðar.

Markvíst hefur verið hamrað á því við þau sem meta umsóknir og á upphafsfundum að styrkþegar hugi að inngildingu. Vonast landskrifstofa til að það skili sér í auknum verkefnum með inngildingu að leiðarljósi.

Þarfagreining

Fullorðinsfræðsluhlutinn er mjög víðtækur og á að taka til formlegs, óformlegs og formlauss náms- og allra lögaðila sem sinna því. Kynna þyrfti betur reglur er varða inngildingarstyrki.

Sérstaklega þarf að auka vitneskju styrkþega á möguleikunum til að fá þóknun fyrir fylgdarmenn en einnig virðist skorta almenna þekkingu á mikilvægi inngildingar hjá öðrum fullorðinsfræðsluaðilum en þeim sem sérstaklega starfa á því sviði.

Aðal áherslumál

Í þessum hluta, hvernig verður unnið með áhersluhópa inngildingarstefnunnar?

2.1 Styrkþegar verði meðvitaðir um inngildingartækifæri í áætluninni og auki vægi inngildingar í verkefnum sínum.	Miðla oftarmyndböndum á samfélagsmiðlum Regluleg persónubundin samtöl um inngildingu við stofnanir – viðhalda tengslum við verkefnastjóra
---	--

2.2 Fræðsla og námskeið fyrir styrkþega/umsækjendur	leiðbeiningar um tæknilegar útfærslur í umsóknarferli
3.1 Að ná til viðkvæmra hópa	
- Nemendur með börn	
- Fólk af erlendum uppruna	Kortleggja fullorðinsfræðsluaðila sem vilja ná betur til fólks af erlendum uppruna
- NEET	Ekki hægt að ná beint til hans en hægt að hvetja stofnanir/samtök í hlutanum til að leggja meiri áherslu á verkefni sem styðja við þennan hóp
- Heilsufar	
- Landfræðileg	

Sérstakar aðgerðir

Styrkþegar verði meðvitaðir um inngildingartækifæri í áætluninni og auki vægi inngildingar í verkefnum sínum.	
Kortleggja stöðu inngildingar í ADULT. Kanna sérþarfir samtaka, t.d. hverjar eru helstu hindranirnar þegar kemur að inngildingu (Rafræn könnun)	lok 2024
Auka skýrleika á hvað Erasmus+ getur styrkt í fullorðinsfræðslu	Reglulega
Fræðsla og námskeið fyrir styrkþega/umsækjendur	
Tæknileg ráðgjöf sérstaklega fyrir markhópinn um umsóknir. Útbúa leiðbeiningar/punkta til að auðvelda umsóknir	Vor 2024
Að ná til viðkvæmra hópa	
Kynna Erasmus+ fyrir samtök sem starfa með inngildingu og athuga hvort þau geti nýtt sér Erasmus+	Byrjar 2023 til loka áætlunar
Virkja samtök sem vinna með NEET til að sækja um	Vetur 202-2025

Eftirfylgni

Leitast verður við að fá fjölbreyttari hóp umsækjenda í fullorðinsfræðsluhluta, með það að markmiði að fleiri samtök sem nú þegar starfa með inngildingu nýti styrkina. Til að byrja með þyrfti að eiga persónulegt samtal við stofnanir, mæta á staðinn og fylgja umsóknum eftir.

Háskóli

Útskýring á hlutanum og þátttöku í Erasmus+ og European Solidarity Corps

Í háskólahluta eru það stofnanir á háskólastigi sem taka þátt í Erasmus+, en háskólar á Íslandi eru sjö talsins. Háskólar taka þátt í Erasmus+ samstarfi annars vegar til að senda starfsfólk eða nemendur í svokallaðar náms- eða þjálfunarferðir eða með stærri samstarfsverkefnum.

Íslenskir háskólar hafa hingað til ekki sótt um í European Solidarity Corps en vissulega geta nemendur skólanna eða nemendafélög verið markhópur þeirrar áætlunar sem og æskulýðshluta Erasmus+, þó að skólarnir sem stofnanir séu ekki umsækjendur. Hér verður einungis fjallað um það sem viðkemur háskólum sem umsækjendum og þeim sem njóta góðs af því með beinum hætti.

- Bæði starfsfólk og nemendur fara út og koma til landsins á vegum Erasmus+. Þau geta farið sem einstaklingar (t.d. nemendur í skiptinámi) eða sem hópar vegna verkefna. Þar þarf að huga að inngildingu sem gerir fólki kleift að fara í ferðir.
- Stærri samstarfsverkefni milli landa geta falið í sér náms- og þjálfunarviðburði. Þar gæti þurft að huga að inngildingu á annan hátt en gagnvart einstaklingum sem fara í náms- eða þjálfunardvöl á vegum Erasmus+.

Inngilding í háskólahluta tekur þannig mið af því að þátttakendur nýta sér áætlunina á ólíkan hátt og inngildingarþarfir þeirra geta verið mjög fjölbreyttar. Aðsókn í skiptinám á vegum Erasmus+ hefur verið stöðugt en fjölbreytileika skortir í hópinn sem nýtir sér þetta tækifæri.

Staða inngildingar í hlutanum

Í háskólateymi landskrifstofunnar er ein manneskja sem er sérstaklega með inngildingu á sínu borði. Þessi einstaklingur tekur þátt í LTA inngildingarvinnuhóp fyrir hönd landskrifstofunnar.

Í háskólunum sjálfum hefur orðið vitundarvakning um inngildingu í Erasmus+ eftir ítarlegt samtal við landskrifstofuna á síðustu árum. Nú hafa verið í boði í einhver ári að fá auka styrki fyrir raunkostnað vegna fylgdarmanneskju, flutningi á nauðsynlegum búnaði eða öðru sem viðkemur heilsufari.

Inngildingarstyrkur

Frá samningsárinu 2021, við upphaf nýrrar Erasmus+ áætlunar, hafa nemendur og nýútskrifaðir með börn getað sótt inngildingarstyrk sem fasta upphæð (250 € á mánuði fyrir lengri dvalir) til viðbótar við hefðbundinn dvalarstyrk. Viðmiðunum fyrir fasta upphæð inngildingarstyrks var síðan fjölgað og frá skólaárinu 2023-24 verða þau eftirfarandi:

- Nemendur sem eru innflytjendur eða börn innflytjenda*
- Nemendur með stöðu flóttafólks
- Nemendur sem glíma eða hafa glímt við alvarleg veikindi, langvarandi veikindi eða andlegar áskoranir
- Nemendur með líkamlega fötlun, þroskafrávik, sjón-/heyrnarskerðingu eða námshamlanir
- Nemendur með börn undir 18 ára

* Innflytjandi er einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra, afa og ömmur sem öll eru fædd erlendis. Innflytjendur af annarri kynslóð eru einstaklingar sem fæddir eru á Íslandi og eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur.

Í skiptinámi/starfsþjálfun er föst upphæð inngildingarstyrks 250 evrur á mánuði. Í styttri stúdentaskiptum er föst upphæð 100 evrur fyrir 5 – 14 daga og 150 evrur fyrir 15 – 30 daga.

Háskólarnir hafa lýst yfir áhuga á að bæta við fleiri flokkum í viðbótarstyrki og er markmið landskrifstofunnar að allar skilgreiningar inngildingar í Erasmus+ verði hafðar til hliðsjónar í flokkum háskólanna um viðbótarstyrki.

Raunkostnaður

Í Erasmus+ stúdenta- og starfsmannaskiptum á háskólastigi geta nemendur og starfsfólk sótt um inngildingarstyrk vegna aukalegs kostnaðar, byggðan á raunkostnaði. Þessir styrkir eru einkum hugsaðir fyrir þá sem með þátttöku myndu mæta aukalegum kostnaði umfram aðra vegna fötlunar eða veikinda, hvort sem þau eru líkamleg eða andleg.

Styrktur er raunkostnaður í skiptinámi, starfsnámi, starfsþjálfun og starfsmanna-/kennaraskiptum. Styrkir vegna fötlunar eða heilsufars geta til dæmis verið:

- Aukinn ferða- og/eða uppihaldskostnaður
- Ferðakostnaður og uppihald aðstoðarmanneskju (ef ferð er 60 dagar eða styttri þá miðast styrkur fyrir aðstoðarmanneskju við upphæðir starfsmannastyrkja)
- Flutningskostnaður á stoðtækjum

Starfsfólk alþjóðaskrifstofa hefur starfað í vinnuhópum tengdum inngildingarmálum. Alþjóðafulltrúar hafa fengið kynningu frá inngildingarfulltrúa.

Í háskólahluta er jafnframt mikilvægt að hafa í huga að þátttakendur sem hingað koma eru ekki bara nemendur, þarfirnar eru ótrúlega misjafnar, t.d. geta verið heimsóknir hingað til lands þar sem hópar af fólki frá löndum utan Evrópu koma og geta þurft aukinn stuðning (t.d. vegabréfsáritanir, geta ekki fengið styrk í sínum löndum og ýmislegt annað).

Útlit er fyrir aukna eftirspurn eftir inngildingarstyrkjum með víðari skilgreiningu og mun landskrifstofa fylgja því eftir með skólunum til að sjá hvernig þróunin verður.

Samstarfsverkefni

Í nýju áætluninni eru **samstarfsverkefni** lump sum verkefni og því er ekki sótt um einingakostnað, t.d. fyrir inngildingarstyrk. Það eykur hins vegar vægi umsókna ef þau geta sýnt fram á að verkefnið verði inngildandi og getur þannig aukið líkur á að verkefnið verði valið.

Þarfagreining

Alþjóðafulltrúar og starfsfólk háskóla þarf skýrar leiðbeiningar. Til dæmis varðandi hvaða viðbótarstyrki megi samþykkja vegna inngildingar (hvað fellur undir hvern flokk) en einnig hvernig starfsfólk geti verið inngildandi, t.d. í upplýsingagjöf og viðmóti gagnvart skjólstæðingum. Æskilegt væri að alþjóðafulltrúar læri að gera betur grein á þörfum stúdenta þegar kemur að inngildingunni, eða hvaða stúdentar það eru sem þurfa fjárhagslegan stuðning.

Erfitt getur verið að samhæfa skilyrðin þar sem ólík vinnumenning ríkir innan háskólanna, og jafnvel misjafnt hvernig staðið er að skiptinámi milli deilda. Nauðsynlegt að landskrifstofa tryggi að fjallað sé um inngildinguna á upphafsfundum og ítreki að hugað sé að inngildingunni í öllu skipulagi verkefna – og að alþjóðafulltrúar miðli til deildanna upplýsingum um inngildinguna.

Aðal áherslumál

Með þarfir þessa hluta Erasmus+ í huga og markmið inngildingarstefnunnar að leiðarljósi hafa eftirfarandi atriði verið nánar skilgreind með háskólahlutann í huga:

2.1 Styrkþegar verði meðvitaðir um inngildingartækifæri í áætluninni og auki vægi inngildingar í verkefnum sínum.	Mikil vinna hefur nú þegar átt sér stað með marga af áhersluhópunum, alþjóðafulltrúar verða hvattir til þess að miðla upplýsingum um þessi inngildingartækifæri á markhópinn.
2.2 Fræðsla og námskeið fyrir styrkþega/umsækjendur	
3.1 Að ná til viðkvæmra hópa/hindranir	
- Nemendur með börn	Fá viðbótarstyrk
- Fólk af erlendum uppruna	innflytjendur og börn þeirra og nemendur með stöðu flóttafólks fá viðbótarstyrk. Bæta þarf upplýsingaflæði til hópsins.
- NEET	ekki er unnið með þennan markhóp í háskólahlutanum þar sem þessir einstaklingar eru ekki í námi né starfandi við háskóla.
- Heilsufar	Bæði viðbótarstyrkur og raunkostnaður í boði
- Landfræðileg	exceptional cost for expensive travel – viðbótarkostnaður vegna dýrari ferðalaga. Má nýta inngildingarstyrk ef þátttakendur mæta hindrunum vegna landfræðilegrar legu.

Sérstakar aðgerðir

Styrkþegar verði meðvitaðir um inngildingartækifæri í áætluninni og auki vægi inngildingar í verkefnum sínum.	
Óskað verður eftir upplýsingum frá alþjóðafulltrúum um stöðuna á umsóknum, hvernig aðsókn hefur verið í inngildingarstyrki og hvort bæta megi upplýsingagjöf til ákveðinna hópa.	Vor 2024
Inngildingar vinnuhópur setur á laggirnar með fulltrúum frá alþjóðaskrifstofum háskólanna. Markmið vinnuhópsins er að háskólarnir vinni saman að því að gera tillögu um hvernig megi bæta við viðbótarstyrki fyrir nemendur í slæmri fjárhagsstöðu.	Vor 2024
Landskrifstofa tekur stöðuna hvort allir flokkar inngildingar í Erasmus+ hafi verið teknir til greina er viðkemur viðbótarstyrkjum.	Vetur 2024
Landskrifstofa athugar hvort einhverjir háskólar nýti sér inngildingarstyrki minna en aðrir – hafi samband ef svo er til að athuga stöðuna	Vor 2025
Fræðsla og námskeið fyrir styrkþega/umsækjendur	
Alþjóðafulltrúar fá kynningu og upprifjun á mikilvægi inngildingar fyrir ólíka nemendahópa	Haut 2025
Að ná til viðkvæmra hópa	
Auglýsingaherferð um inngildingarstyrki (myndband á samfélagsmiðla)	Vetur 2023

Eftirfylgni

Landskrifstofa mun fylgja eftir með samtali við alþjóðaskrifstofur háskólanna og með því að skoða tölfræði yfir skiptinema.

Æskulýðshluti og European Solidarity Corps

Útskýring á hlutanum og þátttöku í Erasmus+ og European Solidarity Corps

Í þessum hluta Erasmus+ áætlunarinnar eru það að langmestu leyti sveitarfélög sem taka þátt, auk samtaka og óformlegra hópa ungs fólks. Finna má stóran markhóp áætlunarinnar í félagsmiðstöðva-

og frístundastarfi en þar er oftast sótt um í gegnum sveitarfélagið. Í ESC sjálfbóðaliðastörfum er svo aðallega um að ræða frjáls félagasamtök sem hafa verið að taka á móti sjálfbóðaliðum en nú eru að koma inn stofnanir og sveitarfélög í þann hóp líka. Ungt fólk á aldrinum 18-30 ára eru markhópur þessarar áætlunar hvað varðar að senda fólk erlendis og mætti vekja athygli á áætluninni hjá þeim samtökum sem nú þegar starfa með þessum aldurshóp. Í ESC samfélagsstyrkjum má svo telja til svipaðan hóp og í Erasmus+, þ.e. ýmislegt ungmennastarf, nemendafélög, félagsmiðstöðvar o.s.frv.

Markhópurinn er því mjög fjölbreyttur en er mjög afmarkaður út frá aldri. Í sjálfu sér mjög svipaðir aðilar sem þjónusta hópin í Erasmus+ af því að stilað er inn á óformlegt nám.

Erasmus+ verkefni í æskulýðshluta eiga sér stað víðsvegar um landið en dreifa mætti betur ESC styrkjum til landsbyggðarinnar.

Staða inngildingar í hlutanum

Einstaka verkefni sem eru framúrskarandi inngildandi og flott. Þar sem styrkir í þessum hluta hafa ekki verið nýttir til fulls er styrkjum oft veitt í verkefni sem taka inngildingu ekki inn í myndina, þar sem skortur er á samkeppni um úthlutaða styrki. Einnig er algengt í þessum hluta áætlunarinnar að verkefni sem hefðu getað sótt um inngildingarstyrk eru greinilega ekki að því; mögulega of flókin viðbót við umsóknarferli.

Ein áskorun er sú að verkefnahugmyndir eru oft frekar fastmótaðar og því getur verið erfitt að koma inn áherslum um inngildingu eftir á. Inngildingu er oft ekki veitt athygli fyrir fram. Nauðsynlegt væri að koma þessum hugmyndum að fyrir. Í KA2 hluta áætlunarinnar er erfitt að koma inngildingarvinkli að þar sem samskiptin við þau sem njóta góðs af verkefninu eru engin, heldur einungis samskipti við verkefnastjóra.

Önnur áskorun er að nýta styrkina í blönduð verkefni, þ.e. þar sem þátttakendahópurinn er fjölbreyttur en ekki sérhæfður. Með víðari skilgreiningum á inngildingu er sóknarfæri í að vekja athygli á inngildingu almennt.

Á landsbyggðinni sækja helst sveitarfélög um Erasmus+ styrki en ekki er mikil þátttaka í ESC.

Þarfagreining

Nauðsynlegt væri að fara í hnitmiðaðri nálgun gagnvart þeim sem vinna í þessum hóp og sækjast eftir því að stofna samtala við stofnanir og samtök sem vinna með inngildingu. Fólk sem vinnur ekki beint með inngildingaráherslur í þessum hluta þarf betri stuðning um hvað inngilding er.

Námskeið í umsóknagerð með inngildingu í huga væri gagnlegt en einnig væri gott ef landskrifstofan gæti haldið rýnihópaviðtöl til að fá upplýsingar um fleiri verkefni. Jafnvel væri sniðugt að útbúa ýtarlegar en einfaldar leiðbeiningar sem hægt er að nota til að fylla umsóknirnar út á síðustu stundu.

Gott væri að fara í skipulagða leiðsögn og þjálfun til samtaka sem vinna með inngildingu í æskulýðsstarfi til að efla þau til að sækja um í áætlunum. Vegna tímaskorts í kringum umsóknarfresti getur verið erfitt að leiðbeina þeim í að útbúa verkefni sem falla að áætluninni og því þyrfti að byggja þau meðvitað upp fyrir svo þau séu tilbúin þegar að frestum kemur.

Aðal áherslumál

2.1 Styrkþegar verði meðvitaðir um inngildingartækifæri í áætluninni og auki vægi inngildingar í verkefnum sínum.	Hitta samtök sem starfa með inngildingu, safna reynslusögum, halda möguleg námskeið og meiri handleiðslu.
2.2 Fræðsla og námskeið fyrir styrkþega/umsækjendur	Meira aðgengilegt fræðsluefni sem styrkþegar/umsækjendur geta nýtt sér án þess

	að mæta á staðinn – sérstaklega til að skrifa umsóknir
3.1 Að ná til viðkvæmra hópa	
- Nemendur með börn	Hefur verið reynt með mömmuhópa – þarf að skoða frekar
- Fólk af erlendum uppruna	Getum verið duglegri þar, persónuleg tengsl út pólska samfélagið t.d. og hvetja önnur verkefni til að inngilda börn af erlendum uppruna. ESC gengur vel – fleiri erlend heldur en landsbyggð
- NEET	Auka ESC verkefni / leggja áherslu á samfélagsverkefni til fíkniforvarnarhópa
- Heilsufar	Staðan er nokkuð góð er viðkemur þessum flokki en verðum að viðhalda sambandi til samtaka sem vinna með þeim
- Landfræðileg	Vantar upp á í KA2 og ESC

Sérstakar aðgerðir

Styrkþegar verði meðvitaðir um inngildingartækifæri í áætluninni og auki vægi inngildingar í verkefnum sínum.	
Kaffisþjall um inngildingu (podcast)	Haust 2023
Taka 4 markvissa Quality Label ESC fundi á landsbyggðinni	Vetur 2023-4
Rýnihópar og gagnaöflun um verkefni sem hafa verið gerð – til að miðla til annarra	Vor 2024
Fræðsla og námskeið fyrir styrkþega/umsækjendur	
Námskeið í umsóknargerð (KA2)	Haust 2024
Námskeið í inngildingu í æskulýðsstarfi	Vor 2025
Að ná til viðkvæmra hópa	
Hefja samtöl við innflytjendahópa	Vor 2025
Ýta á samtöl sem vinna nú þegar í inngildingu	Frá Haust 2023

Eftirfylgni

Landskrifstofa mun fylgja eftir með samtali við verkefnastjóra, skoða tölfræði þar sem hægt er og halda áfram að veita ráðgjöf til verkefnastjóra og þátttakenda.

ANNEX II Gátlisti fyrir inngildandi verkefni og viðburði

Þýtt og staðfært upp úr bæklingnum Inclusive & Accessible Erasmus+ events eftir CONFIA (höfundar: Tijana Stojanovic og Dominique Montagnesse / ritstjórar: Safi Sabuni og Mickael Golinski)

Að skipuleggja inngildandi viðburð gæti virst yfirþyrmandi við fyrstu sýn en það er þó ekki svo flókið í raun. Það er yfirleitt ekki áhugaleysi sem veldur skort á inngildingu heldur þekkingarleysi og skammur tími til að skipuleggja sig. Þegar kemur að fjármálum, mundu að Erasmus+ styrkir ýmsan kostnað vegna inngildingar, sem þú getur t.d. nýtt til að:

- Ráða táknmálstúlka;
- Ráða ritara sem ritar niður allt sem er sagt;
- Standa straum af kostnaði við aukaaðstoð á ferðalaginu;
- Að standa straum af ferða- og dvalarkostnaði fyrir persónulega aðstoðarmanneskju þátttakanda;
- Prentun skjala á blindralettri, auðlesin eða önnur snið;
- O.s.frv.

Ef þú ert í einhverjum vafa hafðu samband við landskrifstofu Erasmus+ til að fá frekari leiðbeiningar um hvað eru gjaldgengir kostnaðarliðir sem tengjast inngildingu. Athugið að það þarf að biðja um þennan styrk í umsóknarferlinu.

Við erum þakklát fyrir að þú takir þessi skref til að stuðla að meira inngildandi og fjölbreyttu samfélagi.

Mikilvægi skráningareyðublaðs

Þó að þessar leiðbeiningar innihaldi fullt af gagnlegum tillögum til að framkvæma Erasmus+ verkefni og viðburði með meiri inngildingu, þá skiptir líka miklu máli að spyrja þátttakendur verkefnisins hvað þau þurfa. Án þess að spyrja getum við ekki vitað hvernig við eigum að mæta ólíkum þörfum og tryggt að fjölbreyttur hópur fólks geti tekið fullan þátt. Ef þú skoðar þátttakendur verkefnisins og sérð að hópurinn er alls ekki fjölbreyttur, gætir þú þurft að skoða hvers vegna hópurinn er einsleitur – og hvort reyna þurfi að gera verkefnið meira inngildandi og opið fleirum.

Mikilvægt er að hafa í huga að fötlun er ekki einsleit. Til dæmis gætir þú haft tvo mismunandi þátttakendur sem nota hjólastól. Annar þátttakandinn gæti þurft að nota stólinn öllum stundum en hinn einungis fyrir lengri vegalengdir. Í þessu tilviki hafa þessir tveir þátttakendur ekki sömu þarfir og ekki er hægt að nálgast sérstök mál þeirra á sama hátt. Þess vegna er skráningareyðublaðið svo ótrúlega mikilvægur þáttur þegar þú skipuleggur inngildandi viðburði eða verkefni.

Í skráningarforminu getur þú spurt um aðgangs-, samskipta- og þátttökuparfir þátttakenda.

Hér er dæmi um skráningareyðublað sem þú getur afritað og notað fyrir viðburðinn þinn. Ef þú ert nú þegar með þitt eigið og vilt frekar bæta við spurningum tengjast þörfum þátttakenda geturðu nýtt tillögunar til að bæta þitt eyðublað:

- ☐ Hvert er kyn þitt? Valkostir: Karl, Kona, Kvár, Annað, Vil ekki svara
- ☐ Ert þú með einhverja sjúkdóma sem gæti þurft að bregðast við skyndilega á meðan viðburðinum stendur, líkt og flogaveiki, sykursýki eða ofnæmi?
- ☐ Ertu með sérstakar kröfur um mataræði eða ertu með fæðuofnæmi eða óþol?
- ☐ Vantar þig táknmálstúlk?
- ☐ Munt þú nota íslenskt táknmál eða alþjóðlegt táknmál (ISL) sem aðaltungumál á fundinum?
- Ef ekki, hvaða tungumál ætlar þú nota?
- ☐ Þarft þú að geta komist um rými án þess að nota tröppur?
- ☐ Notar þú hjólastól?
- ☐ Er eitthvað sem við þyrftum að vita um aðgangsráðgjafir þínar tengdar hjólastólum?
- ☐ Ertu með persónulega aðstoðarmanneskju?
- ☐ Ef þú ert að koma með persónulega aðstoðarmanneskju, óskar þú eftir að deila herbergi með þeim aðila? (Einungis ef um er að ræða viðburð þar sem þátttakendur gista)
- ☐ Mun persónulega aðstoðarmanneskjan mæta á alla hluta fundarins með þér?
- ☐ Hefur persónulega aðstoðarmanneskjan einhverjar sérþarfir, t.d. varðandi matarræði?
- ☐ Óskar þú eftir kynningu á [efni fundarins] fyrir fram?
- ☐ Er eitthvað annað sem við getum gert til að gera þátttöku þína þægilegasta (td regluleg hlé, einhver til að tala þig í gegnum fundi fyrirfram o.s.frv.)?
- ☐ Er eitthvað annað sem við ættum að vita eða þú vilt deila með okkur?

Staðsetning og skipulag

Að velja réttan stað getur auðveldað skipulagningu á inngildandi og aðgengilegum viðburði. Venjulega hafa ráðstefnuhúsnæði og hótél aðgengi fyrir fólk með mismunandi þarfir, eins og aðgengileg svefnherbergi, breiðar lyftur og aðgengileg salerni. Best er að hringja á undan og athuga hvort aðstæður séu hentugar fyrir hópinn.

Tékklisti fyrir stað og aðbúnað:

- ☐ Staðurinn er með ramp og handrið við innganginn eða aðgangur án þrepa.
- ☐ Aðgengileg herbergi eru fyrir fólk í hjólastólum, með rúmgóðu baðherbergi og aðgengilegum sturtum.
- ☐ Öll salerni eru aðgengileg fyrir hjólastólanotendur.
- ☐ Sjálfvirkar hurðir eða hurðahnappur eru til staðar.
- ☐ Lyftur eru rúmgóðar með aðgengilegum tökkum.
- ☐ Borðhæðir eru viðeigandi fyrir hjólastólanotendur.
- ☐ Þröskuldar eru ekki of háir, eða hægt er að setja mottur eða bráðabirgðarrampa yfir þá.
- ☐ Ekki eru snúrur eða aðrar hindranir á gólfinu.

- ☐ Merkingar á blindralettri til staðar, t.d. í lyftum.
- ☐ Nóg pláss fyrir leiðsöguhund er við máltíðir og fundi.
- ☐ Herbergi fyrir fundi eru nógu stór til að rúma hjólastóla, leiðsöguhunda fylgdarmanneskur eða annan búnað.

Tékklisti til að komast á staðinn:

- ☐ Samgöngur í nágrenninu eru aðgengilegar
- ☐ Aðgengilegt bílastæði er nálægt staðnum.

Tékklisti fyrir veitingar:

- ☐ Valmöguleikar eru fyrir fólk með ofnæmi og sérstakar matarþarfir.
- ☐ Sveigjanlegir rör og bollar með handföngum eru í boði ef óskað er.

Samskipti

Samskipti skipta miklu máli til að tryggja að allir þátttakendur fái réttar upplýsingar, sérstaklega ef um er að ræða þátttakendur með sjónskerðingu.

Tékklisti fyrir samskipti:

- ☐ Gættu þess að hafa skýrar lýsingar undir öllum myndum sem eru birtar á netinu eða í skjölum.
- ☐ Tryggðu að öll myndbönd séu með texta, bæði fyrir fólk með heyrnarskerðingu og fólk sem kann ekki tungumálið fullkomlega.
- ☐ Hugaðu að stærð leturs og litum í skjölum og á netinu til að auðvelda lestur.

Efni

Þegar haldnir eru fundir eða kynningar er mikilvægt að hafa þarfir þátttakenda í huga.

Tékklisti fyrir kynningar:

- ☐ Notaðu hljóðnema, talaðu hægt og lýstu myndum sem eru sýndar á skjánum.
- ☐ Passaðu að varir séu sýnilegar fyrir fólk sem les af vörum.
- ☐ Notaðu einfalt og skýrt letur fyrir glærur: texti 18 punkta, einfalt letur eins og Arial, hár litamunur.
- ☐ Spurðu reglulega hvort hraði kynningarinnar sé viðeigandi.
- ☐ Hafðu handbækur eða útprentaðar glærur tilbúnar ef einhver þarf á þeim að halda.

Tékklisti fyrir túlka:

- ☐ Bókaðu túlka með góðum fyrirvara og athugaðu hvaða táknmál er þörf á - eða hvort túlkun þurfi að vera frá einu tungumáli yfir á annað.
- ☐ Tryggðu að túlkar séu staðsettir framarlega þannig að þátttakendur sjái þá vel.

ANNEX III – Áhrif inngildingar á þátttakendur

Til þess að inngilding hafi raunveruleg áhrif má hún ekki vera til skrauts.

Mikilvægt er að hugað sé að inngildingu í verkefnum Erasmus+ og European Solidarity Corps. Ekki nægir að taka fram að inngilding sé höfð að leiðarljósi, því raunveruleg inngilding næst einungis með virkri þátttöku þeirra sem hún á að efla.

Markmið Erasmus+ og European Solidarity Corps (ESC) er að stuðla að þátttöku alls fólks með því að auðvelda aðgengi að áætlunum, óháð aðstæðum.

Þetta er gert með sérstökum aukastyrkjum en lögð er áhersla á ákveðna forgangshópa í Erasmus+ og ESC og eiga þeir við um fólk sem vegna mismunandi aðstæðna í lífi sínu hafa ekki sömu tækifæri og aðrir, eða telja sig ekki hafa þau og sækjast síður eftir þeim.

Hvað er inngildingarverkefni?

Hvatt er til þess að öll verkefni í Erasmus+ og ESC taki tillit til fjölbreytts hóps þátttakenda og þeirra þarfa. Þetta er gert til þess að efla þátttöku þeirra sem annars myndu síður nýta sér þau tækifæri sem Erasmus+ og ESC hafa upp á að bjóða. Verkefni sem snúa sérstaklega að einstaklingum sem búa við færri tækifæri eru verkefni sem taka tillit til þátttöku eins eða fleiri einstaklinga sem upplifir færri tækifæri á við meðborgara sína.

Í umsókninni verður að vera skýr lýsing á hvaða takmarkanir hafa áhrif á tækifæri einstaklingsins eða einstaklinganna til að taka þátt í verkefninu. Það verður einnig að vera lýsing á því hvernig valið er í verkefnið, hvernig náð er til þessa markhóps og á grundvelli hvaða skilgreininga einstaklingur hefur verið valinn í verkefnið.

Auk þess verður að koma skýrt fram hvernig verkefnið hyggst koma til móts við einstaklingana á bestan hátt miðað við aðstæður þeirra. Það gæti t.d. þýtt að manneskjan fái auka stuðning í formi leiðbeinanda eða aðstoðarmanns, tungumálastuðnings eða að framkvæmd verkefnisins er aðlöguð á einhvern annan hátt.

Í inngildingarverkefnum er ekki nóg að sýna fram á að einstaklingar sem búa við færri tækifæri hafi tekið þátt í verkefninu, eða sé boðið að taka þátt í verkefninu, án þess að sýna fram á hvernig verkefnið stuðlar að virkri þátttöku þeirra til jafns við aðra þátttakendur.

Hvernig styður áætlunin við fólk sem þarf inngildingu?

- **Stofnanir og samtök.** Í Erasmus+ og European Solidarity Corps eru ólíkar leiðir til að auðvelda fólki þátttöku sem býr við færri tækifæri. Samtök og stofnanir sem skipuleggja verkefni og fá Erasmus+ styrk geta sótt um sérstaka aukastyrki eða fengið stuðning til þess að allir þátttakendur í verkefnunum geti verið með. Þetta getur t.d. verið auka styrkur fyrir flutningskostnaði hjálpartækja, styrkur fyrir túlkþjónustu eða jafnvel styrkur fyrir útgjöldum sem efnaminni þátttakendur gætu átt erfitt með að uppfylla.
- **Einstaklingar.** Einstaklingar sem taka þátt í námsdvöl erlendis á vegum Erasmus+ eða sjálfbóðaliðastörfum hjá European Solidarity Corps geta sótt um aukalegan fjárhagslegan stuðning eða endurgreiðslu á kostnaði vegna heilsufarslegra (andlegra eða líkamlegra) ástæðna. Þetta getur t.d. verið aukinn kostnaður til að flytja hjálpartæki erlendis, s.s. hjólastóla, eða hafa meðferðis fylgdarmanneskju eða túlk. Raunkostnaður gæti t.d. verið í

formi endurgreiðslu á kostnaði fyrir reglulega sálfræðipjónustu eða nauðsynlega lækisþjónustu á meðan dvöl stendur. Auk þess getur verið komið til móts við efnaminni þátttakendur við útgjöld sem eru nauðsynleg til að taka þátt í verkefnum, en það er þá í hlut skipuleggjenda að sækja um aukið fjármagn fyrir þátttakendur.

- **Dæmisaga:**

Hópur ungmenna frá Írlandi kom til Íslands í ungmennaskipti. Ungmennin komu úr efnaminni fjölskyldum og áttu flest ekki vegabréf. Sótt var um aukinn fjárhagsstyrk svo hægt væri að koma til móts við þátttakendur í kostnaði vegna vegabréfa, en einnig vegna útivistarfatnaðar sem þau áttu flest ekki – en ferðin til Íslands miðaði að því að þátttakendur væru mikið í útivist og ættu t.d. að hafa meðferðis fjallgönguskó. Án þessa stuðnings hefðu margir einstaklingar í hópnum líklega ekki tekið þátt.

Inngilding í European Solidarity Corps

European Solidarity Corps (ESC) er sjálfbóðaliðaaætlun Evrópusambandsins sem gerir ungu fólki á aldrinum 18-30 ára* kleift að fara til Evrópu og gerast sjálfbóðaliðar hjá vottuðum samtökum.

Verkefni í European Solidarity Corps eru yfirleitt 2-12 mánuðir, en ungt fólk sem telur sig ekki tilbúið til að fara í lengri verkefni vegna sinna aðstæðna, stendur til boða að taka þátt í styttri dvölum (allt frá 2 vikum til 2ja mánaða), með möguleikann á því að taka síðan þátt í lengra verkefni. Einstaklingar sem búa við færri tækifæri geta einnig valið að stunda sjálfbóðaliðastörfin heima á Íslandi, t.d. í nágrannasveitarfélagi.

*Frá árinu 2022 getur ungt fólk allt að 35 ára tekið þátt í European Solidarity Corps áætluninni, í sérstökum sjálfbóðaliðastörfum í mannúðaraðstoð.

Verkefni í bæði ESC og Erasmus+ geta sótt um aukinn styrk til að stuðla að þátttöku fólks með færri tækifæri. Fjármagninu er ætlað að standa straum af aukakostnaði fyrir þau sem þurfa sérstakan stuðning með ýmsum hætti.

Meðan á framkvæmd verkefnis í Erasmus+ og ESC stendur gefst einnig tækifæri til að sækja um raunkostnað fyrir fylgdarmannskju handa einstaklingum sem búa við ákveðnar hindranir.

Innan Erasmus+ er einnig hægt að sækja um smærri samstarfsverkefni sem eru fyrst og fremst ætluð grasrótarsamtökum eða smærri stofnunum sem eru byrjendur í áætluninni. Smærri samstarfsverkefni eru ætluð samtökum sem hafa sérstök úrræði til að ná til fólks með færri tækifæri, t.d. vegna sérhæfingar sinnar.

Af hverju ætti fólk að sækja um inngildingarstyrki í Erasmus+ og ESC?

Þátttaka í verkefnum Erasmus+ og ESC er leið fyrir fólk til að öðlast nýja færni, læra nýtt tungumál og taka þátt í málefnavinnu sem skiptir máli. Fyrir ungt fólk getur það auk þess verið leið til að móta framtíðina og byggja upp ferilskrá. Alþjóðleg reynsla býður upp á tækifæri til að kynnast öðrum og skapa tengsl.

Að taka þátt í verkefnum ýtir undir sjálfstraust fólks og eykur færni þess. Allt þetta getur haft góð áhrif á náms- og starfstækifæri - eða starfsþróun - eftir verkefnin. Fyrir ungt fólk er þetta oft spurning um að njóta góðs af því að yfirgefa heimili sitt, prófa mismunandi starfssvið og standa á eigin fótum. Að auki gerir Erasmus+ og ESC ungu fólki kleift að uppgötva Evrópu, kynnast öðrum menningarheimum og stuðla að samstöðu, óháð efnahagsaðstæðum.

- Ungir þátttakendur í áætlununum fá Youthpass sem er vottorð fyrir viðurkenningu á óformlegu námi.

Hvers vegna ættu samtök og sveitarfélög að sækja um verkefni í Erasmus+ og ESC?

Erasmus+ og ESC eru áætlanir sem hvetja fólk til að taka virkan þátt í lýðræðislegu samfélagi og stuðla að hreyfanleika þeirra um Evrópu. Með því að gera fólki kleift að taka þátt í tækifærum áætlunarinnar, er ekki einungis verið að efla starfsfærni þeirra að reynslunni lokinni, heldur verið að stuðla að samfélagslegri virkni þeirra. Verkefni áætlunarinnar veita samtökum einnig tækifæri til að skiptast á þekkingu við samtök erlendis, læra meira um ólíka starfsemi svipaðra stofnana og efla inngildingu.

Hvað segja rannsóknir um áhrifin af þátttöku ungs fólks í Erasmus+ og ESC?

Rannsóknarnetið RAY hefur rannsakað áhrif af þátttöku ungs fólks og verkefnisstjórum í verkefnum Erasmus+ og ESC. Í þátttökunni felst lykilfærni eins og að átta sig á ólíkum atvinnutækifærum, öðlast færni við að vinna í hópnum og að þróast sem einstaklingar. Þátttakendur bæta auka þess færni sína í að starfa með fólki sem talar önnur tungumál, að skilja fólk með annan menningarlegan bakgrunn og að takast á við áskoranir í sameiningu. Margt ungt fólk talar um að þau hafi tekið virkari þátt í samfélaginu eftir að hafa tekið þátt í verkefnum áætlunarinnar.

Gott að hafa í huga áður en sótt er um inngildingarverkefni í Erasmus+ og ESC


Það er gott að taka þátt í alþjóðlegum námskeiðum sem leggja áherslu á inngildingu og hægt er að fá styrk frá Landskrifstofu Erasmus+ til að taka þátt í þeim. Einnig er hægt að taka þátt í vefstofum og vinnustofum hér heima og erlendis til að læra meira um áætlanirnar eða lesa um tækifærin í fréttabréfinu okkar eða á vefnum.

Með því að taka þátt í inngildarverkefnum í Erasmus+ og ESC geta samtök fengið innblástur frá öðrum samtökum og stofnunum sem hafa reynslu af því að vinna með inngildingu. Auk þess geta þau veitt þátttakendum sínum tækifæri sem þau hefðu annars ekki.

Með því að komast að þörfum sinna þátttakenda er hægt að sækja sérstaklega um fjárhagslegan stuðning til að mæta þeirra þörfum. Fyrir meiri þekkingu og innblástur um inngildingu í European Solidarity Corps og Erasmus+ bendum við á handbækur áætlanna, evrópska stefnu um inngildingu og í ungmenningarstarfi er hægt að skoða bæklinga frá Salto.

- Inngilding A-Z <https://www.salto-youth.net/rc/inclusion/inclusionpublications/inclusionatoz/>
- Finndu tengiliði í Evrópu sem vinna sérstaklega með inngildingu <https://www.salto-youth.net/tools/otlas-partner-finding/>

ANNEX IV



persónufornöfn

Af hverju skiptir það máli að tilgreina persónufornafnið sitt?

● ● ● Stuttur leiðarvisir

Gerir það að verkum að öllum liður sem hluta af hópnum og að þau séu virt

Dannig viðurkennum við að ekki eigi að gera ráð fyrir kyni eða persónufornöfnum fólks og fær fólk til að velta kyni sínu fyrir sér

Dannig sýnum við að okkur er alvara í að vera bandafólk (allies) þeirra sem standa utan kynjatvihyggju

Kemur í veg fyrir að fólk sé rangkynjað og tryggir að við notum rétt persónufornöfn um allt fólk

eurodesk
Iceland

Source: <https://mlp.org/document/11-x-17-why-pronouns-matter-poster/>